

# Leikskóli Mýrdalshrepps



## Vistunarreglur Leikskóla Mýrdalshrepps

### 1. Upphaf og lok vistunar.

Í Leikskóla Mýrdalshrepps er tekið við barni frá því að það nær eins árs aldri og fram að því að barn hefur skólagöngu í grunnskóla, enda rúmist kostnaður Mýrdalshrepps vegna vistunarinnar innan fjárhagsáætlunar leikskólans. Æskilegt er að umsóknir berist með þriggja mánaða fyrirvara.

### 2. Skilyrði fyrir vistun.

Skilyrði fyrir vistun er að a.m.k. annað foreldri og barn séu með lögheimili í sveitarfélaginu. Þó er heimilt að taka barn til vistunar til skemmri tíma þó hvorugt foreldra eigi lögheimili í sveitarfélaginu enda liggi fyrir því gildar ástæður að mati leikskólastjóra og vistunin komi ekki til með að hafa kostnaðarauka í för með sér. Íbúar með lögheimili í Mýrdalshreppi hafi þó alltaf forgang fram yfir aðra.

### 3. Forgangshópar.

Við innritun barna í Leikskóla Mýrdalshrepps er farið eftir dagsetningu umsókna. Hægt er að sækja um forgang vegna leikskóladvalar til fræðslunefndar fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila eða félagsmálayfirvöldum skal fylgja með umsókn um forgang þar sem það á við. Til staðfestingar því að foreldri sé einstætt ber að framvísa vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavistun. Hægt er að sækja um forgang vegna eftirtalinna aðstæðna:

- Fötluð börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska.
- Börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl vegna félagslegra, andlegra eða líkamlegra frávik.
- Börn einstæðra foreldra.
- Börn starfsmanna Mýrdalshrepps.
- Börn í elsta árgangi leikskólans.

### 4. Vikulegur vistunartími.

Æskilegt er að barn sé í 5 daga vistun hverja viku en sé því ekki við komið er boðið upp á 3 og 4 daga í viku og skulu þeir dagar vera samfelldir. Lágmarksvistun er 3 dagar í viku.

#### a. 3 daga vistun.

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga.

#### b. 4 daga vistun.

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga.

#### c. 5 daga vistun.

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga.

Leikskólastjóra er þó heimilt að veita tímabundna undanþágu frá liðum a), b), og c) enda liggi fyrir því gildar ástæður að mati leikskólastjóra og vistunin kemur ekki til með að hafa kostnaðarauka í för með sér.

**5. Daglegur vistunartími.**

Daglegur vistunartími hefst kl 8:00, 9:00 eða 13:00 og er boðið upp á 4,5, og 8 tíma vistun. Æskilegt er barnsins vegna að það mæti vel og stundvíslega í leikskólann og að vistunartími sé virtur. Barninu skal skilað í hendur starfsfólks og það látið vita þegar barn er sótt. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna leikskólastjóra hverjum sé heimilt að sækja barnið í leikskólann. Foreldrar eru beðnir um að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir dvölinna. Ef foreldrar óska eftir breytingu á vistunartíma barns sækja þeir um það til leikskólastjóra. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar.

**6. Vistgjöld.**

Vistgjöld eru innheimt eftirá s.k.v. gjaldskrá með gíróseðli eða í gegnum greiðsluþjónustu og er eindagi 15. næsta mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga bætast dráttarvextir við upphæðina frá gjalddaga. Skuldi foreldrar 3 mánuði fellur leikskólavist niður og skuldin sett í innheimtu til lögfræðings.

**7. Afsláttur.**

Afsláttur frá gjaldskrá er veittur til einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna í lánshæfu námi. Einnig er veittur afsláttur ef foreldrar eiga fleiri en eitt barn á leikskólanum. Breyting á gjaldi vegna sambúðar eða sambúðarslita, upphafs eða lokum náms eða örorku kemur til framkvæmda 1. næsta mánaðar eftir breytinguna. Foreldrum er skylt að tilkynna leikskólastjóra breytingar á högum sínum sem geta leitt til breytinga á gjöldum. Afslættir eru ákveðnir í gjaldskrá.

**8. Lokanir.**

Leikskólinn er lokaður í 4 vikur ár hvert vegna sumarleyfa. Ekki eru greidd vistgjöld fyrir þann tíma sem lokað er. Skipulagsdagar starfsfólks leikskólans eru fjórir á ári og skulu að jafnaði vera samtímis skipulagsdögum grunnskólans. Á skipulagsdögum er starfið undirbúið og endurmetið og starfsfólk sækir námskeið. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum sem eru auglýstir með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgang.

**9. Annað.**

Barnið er slysatryggt í leikskólanum. Starfsfólk er bundið þagnarskyldu.